

Alþingi  
Velferðarnefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2023  
Tilvísun: 2023030642/IAH

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn

### 1.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 29. mars 2023 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi), (pskj. 1328, 856. mál á 153. löggjafarþingi).

### 2.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að við 3. mgr. 17. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „Enn fremur er heilbrigðisstarfsmanni heimilt, að beiðni sjúklings, að tilkynna til lögreglu heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánú sambandi sem ógnað getur lífi eða heilsu sjúklings. Í slíkum tilvikum er heimilt að miðla til lögreglu almennum persónuupplýsingum sjúklings, upplýsingum um áverka sjúklings ásamt öðrum upplýsingum sem varða ofbeldið og aðstæður sjúklingsins og eru taldar nauðsynlegar í þeim tilgangi að lögregla geti gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nauðsynlega vernd og stuðning við sjúkling.“.

Í athugasemdum við ákvæðið segir að við gerð frumvarpsins hafi verið litið til 2. mgr. 15. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, þar sem fjallað er um að foreldri og/eda barn geti sett fram beiðni um samþættingu þjónustu. Jafnframt segir í athugasemdum við ákvæði 1. gr. frumvarps þess sem hér er til skoðunar að meginmarkmið þess sé einfaldlega að tilkynnt sé um heimilisofbeldi svo að lögreglan geti afhafst samkvæmt þeim aðferðum sem hún vinni almennt eftir þegar tilkynning um ofbeldi eigi sér stað, til að mynda tryggt vernd, öryggi og stuðning, en jafnframt metið hvort rannsaka eigi tiltekið mál.

Að mati Persónuverndar er rétt að benda á að vegna orðalags í ákvæðinu um heimildir heilbrigðisstarfsmanna til að miðla upplýsingum *ad beiðni* viðkomandi sjúklings er til þess að líta að við mat á því hvaða vinnsluheimildir kæmu hér til álita samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig reglugerð (ESB) 2016/679, verður að telja ólíklegt að unnt sé að byggja á samþykki hinna skráðu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 1. tölul. 11. gr. laganna, sem og samsvarandi ákvæði reglugerðarinnar. Þegar vinnsla byggist á annars konar heimild en samþykki verður almennt ekki litið svo á að yfirlýsing hins skráða um að hann fallist á vinnsluna þurfi að liggja fyrir. Engu að síður getur verið ástæða til þess að fyrir liggja umboð eða beiðni frá hinum skráða þótt ekki sé þar um eiginlegt samþykki að ræða í skilningi persónuverndarlaga, einkum ef vinnslan getur haft íþyngjandi réttaráhrif eða tekur til viðkvæmra einkalífshagsmuna. Má í því sambandi nefna vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar, félagsleg vandamál og refsiverða háttsemi sem fram fer hjá



opinberum þjónustustofnunum. Æskilegt má telja að slíkt umboð eða beiðni þurfi að vera þeim mun skýrari og afdráttarlausari eftir því sem hin íþyngjandi áhrif og inngrípið í einkalíf hinna skráðu er víðtækara. Telja verður að það eigi við hér.

Auk framangreinds er á það bent að samkvæmt 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 17. gr. laga nr. 90/2018, er fjallað um fræðslu til hins skráða. Samkvæmt ákvæðinu ber ábyrgðaraðila að veita hinum skráða fræðslu þegar upplýsinga er aflað hjá honum sjálfum nema að því marki sem hinn skráði hafi þegar fengið vitneskju um umrædd atriði, sbr. 4. tölul. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

## 2.2 Ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga


Meðal þess sem fram kom í umsögnum sem bárust vegna frumvarpsins í samráðsgátt stjórnvalda var áréttning á mikilvægi þess að tilkynning samkvæmt ákvæðinu skyldi fara fram í nafni viðkomandi stofnana en ekki einstaka heilbrigðisstarfsmanna. Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á að hugtakið ábyrgðaraðili er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Segir þar að ábyrgðaraðili sé einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.


Með vísan til framangreinds vill Persónuvernd árétt að ákvörðun um það hver sé ábyrgðaraðili vinnslu, t.d. ef til ágreinings kæmi, er ávallt tekin á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða sem tiltekin eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Við þá ákvörðun ber þá jafnframt að hafa hliðsjón af þeim lögum sem gilda um viðkomandi starfsemi og því hver ábyrgð og verkefni viðkomandi aðila eru samkvæmt þeim. Í þessu sambandi er á það bent að almennt hefur Persónuvernd litið svo á að vinnuveitandi teljist ábyrgðaraðili í málum sem varða vinnslu persónuupplýsinga af hálfu starfsmanns. Fari viðkomandi starfsmaður út fyrir tiltekna heimildir sínar eða framkvæmi viðkomandi brot af ásetningi, geti hann þó talist persónulega ábyrgur.

---

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Steinunn Birna Magnúsdóttir

  
Inga Amal Hasan